



Dalabyggð

Alþingi
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Búðardal 06.04.2020
Mál.nr. 2001001

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um hagkvæmisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur, 262. mál á þingskjali 284.

Byggðarráð Dalabyggðar fjallaði um málið á 241. fundi sínum 27. febrúar s.l. undir 10. dagskrárlið þar sem tillagan var lögð fram til kynningar. Var eftirfarandi bókað við dagskrárliðinn:

„Byggðarráð tekur undir mikilvægi Skógarstrandarvegur og uppbyggingu hans og hvetur Alþingi til að samþykkja þingsályktunartillöguna. Samþykkt samhljóða.“

Sveitarfélagið Dalabyggð vill ítreka stuðning við hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur í umsögn þessari.

Í Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029 segir m.a.:

„Brýnt er að hefja framkvæmdir við veginn um Skógarströnd, einkum lagningu slitlags þar sem undirbyggingu er lokið. Mikilvægt er að hefja framkvæmdir á árinu 2017, hönnun endurbóta hans og gerð tímasettrar verkáætlunar framkvæmda.“

Lítið hefur farið fyrir úrbótum og viðhaldi á veginum á undanförmum árum sem er einkennilegt þegar litið er til þess hversu mikil umferð er um hann enda oftast en ekki eina greiða leiðin á milli Dalabyggðar og annarra byggðarlaga. Vegna legu vegarinn er snjósöfnun á honum yfirleitt lítil eða nær engin og þyrfti því ekki að kosta miklu til að halda honum opnum árið um kring. Er vegurinn oft notaður til farm- og fólksflutninga þegar leiðir um Bröttubrekku og Holtavörðuheiði eru lokaðar en fært um Laxárdalsheiði og Skógarströnd.

Þá segir einnig í áætluninni:

„Vegurinn er illa farinn og á honum fjöldi einbreiðra brúa. Slysu eru tíð og nauðsynlegt að grípa til viðeigandi endurnýjunar - ekki síst í ljósi aukinnar umferðar. Vegurinn er uppbyggður en án slitlags.“

Hefur þetta ekki breyst frá útgáfu áætlunarinnar og ef eitthvað hefur umferð um veginn aðeins aukist frá 2017. Þennan veg fara margir ferðamenn á milli Snæfellsness og Dala og hefur ferðapjónusta byggst upp við veginn ásamt því að þar er stundaður hefðbundinn búskapur og heilsársbúseta. Þannig þarf mjólkurbíll að fara hluta af leiðinni og skólalílar einnig.

Þá hefur verið lagt af stað í verkefnið „Vestfjarðaleiðin“ þar sem Dalimir verða hluti af nýrri ferðaleið og er ótækt að hamla þátttöku einstakra ferðapjónustuaðila vegna lélegra samgangna þegar slík ferðaleið getur orðið lyftistöng fyrir svæðið.

Líkt og segir í greinagerð þingsályktunartillögunnar kom Skógarstrandarvegur ekki vel út úr rannsókn á slysatíðni á vegum. Margar varúðarmerkingar eru á veginum, þrátt fyrir merkingar verða reglulega slys á honum og má þakka fyrir hvert slys sem endar með litlum meiðslum eða án.

Dalabyggð vill taka enn og aftur undir þingsályktunartillöguna. Sveitarfélagið væntir þess að hagkvæmniathugun leiði í ljós að uppbygging vegarinn hefði verulega jákvæð áhrif á þróun byggðar, atvinnuuppbyggingu svæðisins og almennar ferðir bæði íbúa og ferðamanna um veginn.

F.h. Dalabyggðar


Kristján Sturluson
Sveitarstjóri

